



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

13. árgangur 11.tbl.

Desember 2016

*Bestu óskir um ánægjulega
jólahátíð, farsæld og gleði
á komandi ári til íbúa,
sumarhúsaeigenda
og samstarfsfólks.*

*Hjartans þakkir fyrir
samskiptin á árinu
er senn kveður.*

*Sveitarstjórn og
starfsfólk
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps*



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5. janúar. 2017.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

S: 486-5505

Fullt af nýjum bókum!!! ☺

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Munið nýja opnunartímann í Lyfju– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.

Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við Tvísteinabraut vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Gámasvæðið í Brautarholti er við Búnaðarfélags-skemmuna. Sést vel af vegi nr. 30 - Skeiðavegi.

Gámasvæðið við Árnes opið:

þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Gámasvæðið í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Gámasvæðin eru móttökustöðvar en ekki flokkunarstöðvar.

Flokkum heima og leggjum svo af stað á gámasvæðin ☺

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað (í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er hreint eða skítugt - það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi. Opnir allan sólarhringinn.

*Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa
Alla daga, allan daginn.*

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.





Kveðjuhóf til heiðurs læknumum Gylfa og Pétri
12. janúar 2017 í Aratungu.

Læknarnir okkar í Uppsveitum Árnessýslu til meira en 30 ára, þeir Gylfi Haraldsson og Pétur Skarphéðinsson eru að láta af störfum um þessar mundir. Þeir hafa verið einstaklega farsælir í sínum störfum og hlúð að heilsufari íbúanna með miklum sóma. Það má því ekki minna vera en þeir verði heiðraðir með kveðjuhófi.

Hófið verður haldið í Aratungu fimmtudaginn 12. janúar 2017 með fjölbreyttri dagskrá og kaffiveitingum og hefst það kl 19:00.

Veislustjóri verður Halldór Páll Halldórsson rektor Menntaskólans á Laugarvatni.

Við vonumst til að íbúar í læknishéraðinu sjái sér fært að mæta.



Undirbúningsnefndin.

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



Okkur vantar húsnæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi!

Hjón um fimmtugt leita eftir húsnæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Allt kemur til greina en helst 2-3ja herbergja hús eða íbúð í nágrenni við Árnes.

Við erum róleg og reglusöm.

Upplýsingar gefur
Unnur Marta 859-8910.



Opnunartímar skrifstofu um jól og áramót!

27. desember - Lokað

28. desember 10—12 og 13—15

29. desember 10—12 og 13—15

30. desember 10—12

02. janúar 2017 opið eins og venjulega

kl. 09—12 og 13—15.



Jólaþakveðja.
Sveitarstjóri.

Prettándabrenna!

Kveikt verður í brennu 6. janúar 2017 kl. 20:30
á gámasvæðinu í Árnesi.

Allir velkomnir - Flugeldasýning!

Gleðilegt nýtt ár.

Aðventa í vorblíðunni.



Senn koma jól eitt árið enn. Af þeim 50 aðventum sem ég hef lifað held ég að sú aðventa sem nú stendur yfir sé sú mildasta hvað veðráttu snertir. En þær hafa svo sem fleiri verið mildar og ætla ekki að halda því fram að mitt veðurminni sé til fyrirmyndar. Eitt er þó víst að ég man að ég hef lifað margar aðventurnar og jólin á kafi í snjó hér vestar og ofar í sýslunni. Veðráttan ársins í heild hefur verið sérlega hagstæð. Mikil hlýindi og sólardagar margir á Suðurlandi, vatnsbúskapur yfirdrífinn. Árið sem senn kveður er búið að vera býsna viðburðarríkt hvað landsmálin snertir kosið til þings, kosinn forseti Íslands, átök innan stjórnmálaflokka, svo nokkuð sé nefnt. Hér í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur árið liðið eins og flest önnur. Nokkrir einstaklingar hafa kvatt jarðvistina og skilja þeir allir eftir skörð, þegar hátíð frelsarans rennur upp, verður manni ósjálfrátt hugsað til þeirra sem eru horfnir sjónum. Ekki síst til þeirra sem kvatt hafa fyrir aldur fram og maður hefði viljað deila fleiri stundum með. Blessuð sé þeirra minning. Á hinn bóginn hafa allnokkrir nýir einstaklingar litið heiminn hér í hreppnum á árinu og vona ég þeir verði enn fleiri sem spretta úr móðurkviði á nýju ári. Íbúum hefur fjölgað og vonast ég til að ekki komi bakslag í þá þróun.

Mér sýnist allt benda til að ég muni kveðja þetta ár sáttur, engu að síður er ævinlega margt sem maður vill gera betur. Er ég þá að horfa til minna daglegu verkefna í mínu starfi. Fjárhagsáætlun næsta árs hefur verið afgreidd af sveitarstjórn. Svo langt sem hún gefur mynd af væntanlegum rekstri er útlitið að mínu mati harla gott. Við gerum ráð fyrir að afgangur af rekstri nemi 32,3 milljónum. En eins og við þekkjum getur margt orðið til breytinga í verri eða betri átt. Við ætlum okkur ekki að láta deigan síga í viðhaldi og framkvæmdum á nýju ári. Niðurstaða Kjararáðs fyrir skömmu hefur verið í brennidepli í samfélaginu. Laun sveitarstjórnarfulltrúa og sveitarstjóra í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafa til þessa tekið mið af þingfararkaupi. Á síðasta sveitarstjórnarfundum samþykkti sveitarstjórn að laun kjörinna fulltrúa hækki ekki samkvæmt niðurstöðu Kjararáðs. Að sama skapi samþykkti undirritaður að laun hans hækki ekki samkvæmt áður nefndri niðurstöðu Kjaradóms.

Frá mínum bæjardrygum hafa samskiptin við ykkur kærar sveitungar og samstarfsfólk verið sem fyrir ákaflega ánægjuleg það væri óeðlilegt ef allir væru alltaf sam-mála mér. Hvað um það. Um leið og ég þakka ykkur heilshugar fyrir árið sem er að líða, óska ég ykkur öllum sem lesið þessar línur gleðilegrar jólahátíðar og alls hins besta á nýju ári.

Kristófer Tómasson, sveitarstjóri.





Jólaball kvenfélaganna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

verður haldið í Brautarholti miðvikudaginn
28. desember kl. 15:00. Sr. Óskar H. Óskarsson
heimsækir okkur, Jón Bjarnason heldur utan um
skemmtunina og jólasveinn kemur í heimsókn.
Kaffi og smákökur á borðum.

Aðgangseyrir 1000 krónur
(frítt fyrir 16 ára og yngri).

Allir velkomnir.

Nefndin.



Ný lög um húsaleigubætur!

Þann 1. janúar 2017 munu ný lög um húsnæðisbætur taka gildi og
Greiðslustofa húsnæðisbóta tekur við því hlutverki að greiða
húsnæðisbætur fyrir landið allt. Þjónustuskrifstofan verður staðsett á
Sauðárkróki og hóf hún formlega starfsemi 16. nóvember s.l..

Opið er fyrir umsóknir.

Þá er einnig búið að opna heimasíðu með upplýsingum og reiknivél
fyrir húsnæðisbætur: www.husbot.is En einnig er hægt að nota:

www.husnaedisbaetur.is

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps!

Ákveðið að halda fund um skipulagsvinnuna eftir áramótin.

Verður auglýstur síðar. Endilega sendið okkur hugmyndir
og/eða ábendingar á

kristofer@skeidgnup.is. ☺

Þorrablótið 2017.



Við minnum á að Þorrablótið verður haldið
að venju fyrsta Þorradag, en hann ber upp á

20. janúar árið 2017.

Fólk er beðið um að taka daginn frá og taka svo
góðan snúning á að panta miða þegar næsta Frétta-
bréf dettur inn um lúguna 12. eða 13. janúar því þar
verða nánari upplýsingar um blótið.

Sem fyrr verðum við þó að stilla gestum í hof ☺
þar sem húsnæðið leyfir einungis að hámarki
um 300 gesti á þessa samkomu.

Gleðilegt nýtt ár!
Þorrablótsnefndin 2017.



Ágætu veiðirétthafar og landeigendur við Þjórsá.

Nú er þessu ágæta veiðiári lokið sem vonandi hefur skilað okkur góðri veiði eins og mörg árin áður. Góðar göngur voru í Þjórsá í sumar einkum fyrripart sumars og veiðin góð, það sýna tölur í fiski-
teljaranum við Búða en alls gengu 2300 fiskar upp stigann sem er annað besta ár síðan fiskistiginn var settur þar niður árið 1994. Nú langar okkur hjá stjórn Veiðifélagi Þjórsár að biðja ykkur ágætu félagar að senda inn til Veiðimálastofnunar veiðitölur fyrir sumarið 2016 hvort sem er veiði í net og ekki síður tölur yfir þann fisk sem veiddur er á stöng, en eins og margir vita hefur veiði á stöng farið vaxandi í Þjórsá síðustu ár og vonandi verður svo áfram. Veiðitölnar er best að senda til Magnúsar Jóhannssonar hjá Veiðimálastofnun á Selfossi eða senda honum tölvupóst á netfangið:

magnus.johannsson@veidimal.is

Áríðandi er að menn skili inn veiðitölunum sem fyrst og eigi síðar en um áramót.

Með góðri kveðju.

Fh. Veiðifélags Þjórsár

Oddur Guðni Bjarnason,

Formaður.



Leikrit.!!

Á næsta ári verður Ungmennafélag Gnúpverja 90 ára og langar okkur í leiknefndinni að setja á fjalirnar söngleikinn

„þið munið hann Jörund.“

Þetta er skemmtilegt verk eftir Jónas og Jón Múla Árnasyni með góðum söngvum. Leikstjóri verður Vilborg Halldórsdóttir.

Hafið samband við leiknefnd. Ef ykkur langar að taka lagið með okkur Sjáumst..!! Hæ hopsa sí.... hæ hopsa sa!!!

Sigrún Fossnesi s. 486-6079 fossnes@uppsveitir.is

Sigprúður Eystra-Geldingaholti s. 846-5247 gibba@pax.is

Póra Haga s. 482-2929 thora29@gmail.com



Öryggismál í umferðinni

Mánudaginn 14. nóvember var haldinn opinn fundur í Árnesi um forvarnir og öryggismál í umferðinni. Áherslan á

fundinum var á bílbeltanotkun og mikilvægi þess að nota bílbelti. Skólabílstjórar okkar voru á fundinum og lögðu þeir marga gott til umræðunnar en fundurinn var mjög fróðlegur og málefnalegur. Í framhaldi af honum hefur verið ákveðið að farið verði í Bjorsarskóla og Leikholt og rætt enn frekar um öryggis- og forvarnarmál í umferðinni við nemendur og starfsfólk.

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur miðvikudaginn 16. nóvember með skemmtun í Árnesi. Nemendur sungu, fóru með ljóð um náttúruna og Bjorsarskóli tók á móti Grænfánanum í 7. skipti. Í lokin var dansssýning þar sem nemendur skólans sýndu gestum hvað þeir höfðu lært í danstímum hjá Silju í haust.



Bókargjöf

Nemendur í 1. bekk fengu á dögunum bók að gjöf frá Ibby á Íslandi. Bókin ber heitið Nesti og nýir skór og er hún eins konar sýnishorn úr íslenskum barnabókmenntum. Hugmyndin með þessu framtaki er að hvetja til lestrar og voru nemendur mjög glaðir með bókina sína.



Vasaljósadagur

Föstudaginn 25. nóvember var vasaljósadagur í skólanum. Þá komu allir með vasaljós í skólann og fengu að nota þau við lærdóm í skólastofunni og úti í frímínútum. Skemmtileg tilbreyting í skammdeginu.

Skógarferð

Mánudaginn 28. nóvember fórum við í ferð inn í skóginn okkar. Áður en lagt var af stað þá voru nemendur paraðir saman tveir og tveir, yngri og eldri. Þeir byrjuðu á því að hjálpast að við að smyrja sér nesti. Þegar komið var inn í skóg fóru

allir saman í göngutúr

inn að leiðunum við Selhöfða, þar sem Árdís sagði börnunum frá þeim mikla sögustað. Eftir morgunkaffið fóru síðan nemendur í hópavinnu þar sem áherslan var á að safna efnivið fyrir jóla-föndur sem verður í skólanum 14. desember.

Aðventukvöld

Annan sunnudag í aðventu vorum við með hið árlega aðventukvöld skólans. Þetta árið var skemmtunin í Árnesi þar sem börnin sungu jólalög og léku helgileik fyrir gesti.

Fermingarbörn voru einnig með upplestur og kirkjukórinn söng nokkur lög. Fallegt kvöld sem hjá mörgum í sveitinni er orðinn fastur liður í undirbúningi jólanna.



Jólaþveðja frá starfsfólki Þjórarskóla.

Hugmyndasmiðja Gjálpar.

Laugardaginn 12. nóvember hélt Gjálp, félag um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá, hugmyndasmiðju þar sem megin markmiðið var að hefja umræðu um tækifæri til atvinnusköpunar við Þjórsá, þá sér í lagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hugmyndasmiðjan var unnin í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð og Íslenska ferðaklasann, ásamt því að fá aðstoð frá Svavari Pétri Eysteinessyni, betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Prins Póló, en hann hefur farið ótroðnar slóðir í nýsköpun í landbúnaði.

Hugmyndasmiðjan var þríþætt:

Í fyrsta lagi var SVÓT greining sem skoðar styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri sveitarinnar.

Í öðru lagi var hugmyndavinna um atvinnutækifæri í landbúnaði, ferðaþjónustu, tækni, hugbúnaði, menningu og heilsu og hvernig hægt væri að bæta innviði sveitarinnar.

Í þriðja lagi var unnið úr þeim 5 hugmyndum sem fengu flest atkvæði.

Í SVÓT greiningunni voru helstu styrkleikar sem voru nefndir ósnortin fegurð og náttúruperlur, ljósleiðari heim á alla bæi, nálægð við höfuðborgarsvæðið, góðir og gjaldfrjálsir skólar og sterkur landbúnaður með miklum möguleikum í ræktun. Veikleikar voru einsleitt íbúasamfélag þar sem aldurssamsetning er óeðlileg og fólksfjöldi stendur í stað. Það er skortur á íbúðarhúsnæði bæði til kaups og leigu, vegi og almenningssamgöngur má bæta, ungmenni flytja burtu og snúa ekki til baka og það er skortur á samstöðu meðal íbúa. Yfirvofandi virkjunar framkvæmdir sem takmarka möguleika á nýtingu lands voru taldar upp sem ógnanir ásamt fjölda ferðamanna á viðkvæmu svæði og að jarðir eru seldar til fólks sem tekur ekki þátt í samfélaginu og jafnvel misnotar landgæði með ofbeit. Tækifærin liggja í að auka fjölbreytni í landbúnaði og nýtingu landbúnaðarafurða, fjölda ferðamanna sem flæðir um sveitina, fegurð náttúrunnar, sögu Þjórsárdals og uppbyggingu á sundlaug í Þjórsárdal.

Í hugmyndavinnunni voru 107 hugmyndir skráðar. Sem dæmi um hugmyndir sem komu voru ýmis öpp sem tengjast bæði ferðamönnum og að gera bændum lífið einfaldara, stúdíó fyrir listsköpun, tónlist, myndlist ofl, miðlæg matarsmiðja, kaffihús/veitingahús/bar, selja mjólk beint frá býli og ýmsar hugmyndir um móttöku, leiðsögn og afþreyingu fyrir ferðamenn. Þær fimm hugmyndir fengu flest atkvæði í kosningu um þær hugmyndir sem þátttakendur vilja láta verða að veruleika eru:

- (1) uppbygging við sundlaugina í Þjórsárdal,
- (2) uppbygging á matvælavinnslu og -sölu til ferðamanna og heimamanna í gegnum kaffihús/veitingastaði og með því að bjóða fólki í mat í heimahús,
- (3) ferðaapp sem bæði veitir ferðamönnum upplýsingar um sögu og náttúru svæðisins, hægt að bóka gistingu og afþreyingu og stjórna dreifingu ferðamanna um svæðið,
- (4) zip line þar sem hægt er að renna sér í línu ofan af fjallstoppi niður í Þjórsárdal þar sem markhópurinn er bæði íslenskir hópar fólks og ferðamenn,
- (5) skrifstofuklasi fyrir fólk sem vinnur í fjarvinnu, einyrkja, nema og fleiri sem vinna

skrifstofuvinnu þar sem fólk úr mismunandi starfsgreinum vinnur á sama stað. Hægt að byggja upp kaffihús eða veitingastað og bændamarkað í sama húsnaði.

Við vonum að hugmyndasmiðjan verði kveikjan að frekari atvinnusköpun og erum að skoða frekari leiðir til að halda áfram með hugmyndirnar og koma þeim á framfæri við áhugasama aðila sem vilja vinna með þær og láta verða að veruleika.

Markmið hugmyndasmiðjunnar

Meginmarkmið hugmyndasmiðjunnar er fyrst og fremst að hefja umræðu um tækifæri til atvinnusköpunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og svæðinu í kringum Þjórsá.

Drauma markmiðið er að það verði að minnsta kosti eitt fyrirtæki til sem á rætur sínar að rekja til þessarar hugmyndasmiðju.

Félagið sjálft sem slíkt er ekki að safna hugmyndum svo það geti tekið þær áfram, heldur verða þeir sem fá hugmyndirnar að gera það. En ef mikið af góðum hugmyndum verða til sem fólk vill halda áfram með og láta verða að veruleika þá hefur Gjálp áhuga á að aðstoða það með því að halda framhalds vinnustofu(r).

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig verður unnið áfram með hugmyndirnar, en til að byrja með verða þær kynntar bæði sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og á Facebook síðu félagsins.


Öllum er velkomid að nýta þessar hugmyndir sem komu fram á hugmyndasmiðjunni til að vinna áfram og skapa tækifæri til atvinnu við Þjórsá og vonar félagið að hugmynda-smiðjan verði kveikjan að frekari atvinnusköpun.


Fylgist með á <https://www.facebook.com/Gjalp>



Ó syng þínum Drottni!

Geisladiskur sameiginlegs kórs Ólafsvalla og Stóra-Núpskirkna sem gefinn var út um síðustu jól er til sölu í Sunnlenska Bóka-kaffinu á Selfossi, Bókabúð Máls- og menningar, Laugavegi 18 Rvík., Lyfju Laugarási, Þorbjörgu Jóhannsdóttur, organista og Kristjönu Gestsd. 863-9518. Efni disksins eru valdir sálmar eftir sr. Valdimar Briem sem kórin syngur og orgelverk sem Haukur Guðlaugsson leikur á orgelið í Skálholti. Katrín Briem teiknaði myndir við sálmana í textahefti sem fylgir og mynd á forsíðu disksins er málverk af sálmaskáldinu, eftir Ásgrím Jónsson, list-málara.





Út er komin bókin Þættir, þar sem Hjalti Gestsson (1916-2009) ráðunautur og framkvæmdastjóri Búnaðar-

sambands Suðurlands segir frá æskuárum sínum á Hæli í hreppum og skólagöngu sinni.

Bókin verður afhent hjá Gesti Hjaltasyni, Selfossi sími 892 7080 og Borghildi og Bjarna Einarssyni, Árnesi, sími 486 6032. Bókin verður einnig til sölu í Bókakaffinu á Selfossi hjá Bjarna Harðarsyni.

Útgefendur.

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Styðjum félagið okkar þegar við tökum þátt!

802



VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.



**Tímাপantanir í
síma: 856-1599**



HRUNAPRESTAKALL



Helgihald um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur: Guðsþjónusta á aðfangadagskvöld í *Hrepphólakirkju kl. 23.*

25. desember - jóladagur: Hátíðarmessur. *Ólafsvallakirkja kl. 11 og Hrunakirkja kl. 14.*

Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í *Stóra-Núpskirkju kl. 22.*

Kirkjan lýst upp með kertaljósum.

31. desember - gamlársdagur Guðsþjónusta í *Tungufellskirkju kl. 14:30.* Aftansöngur í *Stóra-Núpskirkju kl. 16:30.* (Síðasta messan í Stóra-Núpskirkju í bili en framundan eru gagngerar endurbætur innandyra í kirkjunni sem vonast er til að verði lokið með hausti 2017)

8. janúar – sunnudagur: Nýársmessan í *Hrepphólakirkju kl. 11.* Þjóðlegur hádegisverður á eftir í safnaðarheimili, reiddur fram af körlunum í kirkju-kórnum.

Kjarngóður matur og kaffi á vægu verði (fullorðnir 1000 kr. en 15 ára og yngri 500 kr.).

Sjáumst í kirkjunum um hátíðarnar.
Guð gefi friðsæla aðventu og gleðileg jól.



Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur



36. sveitarstjórnarfundur Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi miðvikudaginn 7. desember 2016 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Meike Witt. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að einu máli yrði bætt á dagskrá. Þrándarlundur breyting á fasteignamati. Var það samþykkt samhljóða

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Gjaldskrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017. Síðari umræða.

Vatnsgjald:

Gjaldskrá vatnsveitu fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði veður óbreytt frá þeirri gjaldskrá sem í gildi hefur verið frá árinu 2012.

Vatnsgjald er 0,20% af fasteignamati íbúðarhúsa, lóða og atvinnuhúsnæðis. Þó að hámarki 35 þúsund krónur. Vatnsgjald sumarhúsa er 24.000 kr.

Seyrulosunargjald:

Árlegt gjald fyrir losun á seyru samkvæmt samþykkt nr. 149/2004 um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru verður 8,368.-kr á rotþró.

Sorpgjöld:

Sorpgjöld eru lögð á samkvæmt samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 8. Desember 2005. Samþykktin var staðfest á 84. fundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þann 14. Mars 2006, og staðfest af Umhverfisstofnuneyti þann 5. Janúar 2007.

Sorpgjöld árið 2017 verða eftirfarandi:

Sorphirðugjald 240 Lítrar 15.101.-kr.

Sorphirðugjald 660 Lítrar 43.755.-kr.

Sorphirðugjald 1.100 Lítrar 75.824.-kr.

Sorpeyðingargjald íbúðarhús 15.319.-kr.

Sorpeyðingargjald sumarhúsa 11.459.-kr.

Sorpeyðingargjald atvinnu 41.878.-kr.

Samþykkt um afslætti til íbúa sveitarfélagsins varðandi lífrænt hráefni frá 3.

September 2013 gildir óbreytt frá fyrra ári.

Fráveitugjald:

Þar sem holræsakerfi er til staðar á vegum sveitarfélagsins er innheimt holræsagjald, nemur gjaldið 0,25% af fasteignamati.

Lóðaleigugjöld:

Lóðaleigugjöld innheimtast eftir lóðaleigusamningum.

Gjaldskrá mótuneytis:

Hádegisverður til nemenda Þjórskóla 317-kr Hádegisverður til nemenda Leikholts 235 kr. Gjald fyrir hádegisverð til starfsmanna nemi hráefnisverði máltíða.

Gjaldskrá Þjórsárskóla:

Morgunhressing kr. 83.- Skólavistun klst. kr. 316. -Aukavistun klst. kr.316.

Náðarkorter 15 mín. 559 kr.

Gjaldskrá leikskólans Leikholts:

Vistun á kjarnatíma, frá kl 08:00-16:00 er gjaldfrjáls.

Stök morgunhressing kr. 83- Stök síðdegishressing kr.93-

Gjald fyrir klukkustund utan kjarnatíma kr. 2.298. fyrir 30 mínútur kr. 1.149

Gjald fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur kr. 574.-

Gjaldskrá gatnagerðargjalda verði óbreytt frá árinu 2016.

Gjaldskrá samþykkt samhljóða.

2. Álagningarhlutfall Útvars- og fasteignagjalda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2017. Síðari umræða. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að útvarsprósenta verði 14,48 % árið 2017.

Fasteignagjöld

A-flokkur.

Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr.4/1995 verður 0,50% af heildar fasteignamati.

B-flokkur.

Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1.32 % af heildar fasteignamati.

C-flokkur.

Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og ördum eins og þær eru skilgreindar í 3. Gr. Í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildar fasteignamati.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7 febrúar 2006.

Samkvæmt 3. Grein þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára og þeir sem eru 75 % öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af ördum, tekjuviðmið er í lið 7.

Gjalddagar fasteignaskatts eru í lið 8.

Lagt er til að afsláttur á fasteignagjöldum taki breytingum frá árinu 2016 í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverð á tímabilinu 1. des 2015 til 1.des 2016. Gjald dagar fasteignagjalda 2017 verði 10 í samræmi við það sem lög og reglur heimila.

Álagningarhlutfall fasteignagjalda samþykkt samhljóða.

3. Ákvörðun um Tómsundastyrk 2017. Samþykkt samhljóða að tómsundastyrkurinn verði kr. 55.000 árið 2017.
4. Fjárhagsáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 og 2018-2020. Síðari umræða.

Fjárhagsáætlun 2017:

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur nemi 243.8mkr.

Fasteignagjöld 193,7 mkr

Tekjur frá Jöfnunarsjóði 64,1 mkr

Rekstrargjöld samstæðu 516,2 mkr

Afskriftir 26,3 mkr

Næsta árs afborganir langtímalána 3,1 mkr.

Fjárfestingar á árinu eru áætlaðar fyrir 52,0 mkr. Stærsta fjárfestingaverkefni verður lagfæring gatna 30,0 mkr.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun 2018-2020. Sveitarstjóri lagð fram fjárhagsáætlun 2018-2020.

Skatttekjur, framlög úr jöfnunarsjóði og aðrar tekjur eru áætlaðar þær sömu árin 2018-2020 og árið 2017. Ef ekki kemur til lækkun útsvars er áætlað að rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði verði 30,820 þkr árið 2018, 29.368 þkr árið 2019 og 29.557 þkr árið 2020. Ekki er tekið tillit til verðlagsbreytinga. Áætlað er að heildarvirði eigna vaxi og muni nema 826.483 þkr í lok árs 2019. Veltufé frá rekstri er áætlað 52.595 þkr 2017 og 52.806 þkr árið 2019. Útlit er fyrir að handbært fé hækki frá ári til árs og verði komið í 98.652 þkr í lok árs 2019. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 24 mkr á ári 2017. Tilefni er til að það verði endurskoðað. Ekki hafa verið lögð fram áform um framkvæmdir árin 2018-2019. Útlit er fyrir að eiginfjárhlutfall verði 83 % í lok árs 2020 og veltufjárhlutfall verði 2,00.

Fjárhagsáætlun 2017-2019 samþykkt samhljóða.

5. Fjárfestingaáætlun sveitarfélagsins 2017. Samkvæmt áætluninni er áætlað að framkvæmt verði á vegum sveitarfélagsins fyrir 51.985 þkr.

Fjárfestingaáætlun samþykkt samhljóða.

6. Laun kjörinna fulltrúa og sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Laun kjörinna fulltrúa, í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tengjast þingfara kaupum samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar að loknum sveitarstjórnarkosningum 2014. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun kjörinna fulltrúa hækki ekki samkvæmt hækkun sem Kjararáð ákvað í nóvember sl. Hækkun júní 2016 standi. Framvegis taki laun kjörinna fulltrúa breytingum samkvæmt breytingum á launavísitölu.

Bókun sveitarstjóra: Laun sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru bundin þingfarakaupi samkvæmt ráðningarsamningi. Undirritaður samþykkir að laun hans hækki ekki samkvæmt frá því sem Kjararáð ákvað ákvað í nóvember .Hækkun ráðsins frá júní 2016 standi og framvegis taki laun hans breytingum samkvæmt launavísitölu. Kristófer A Tómasson sveitarstjóri.

7. Tilboð í bókhaldskerfi fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Lögð voru fram tilboð frá tveimur aðilum í bókhaldskerfi fyrir sveitarfélagið. DK undirritað af Dagbjarti Páls syni og Wise undirritað af Birni Þórhallssyni. Er þar um að ræða möguleika á leigu eða kaupum á þeim kerfum. Samþykkt samhljóða að ganga að tilboði um leigu á bók haldskerfi frá DK. Oddvita og sveitarstjóra falið að ganga frá samningi um það.

8. Ferðamálafulltrúi- Markaðsstofa Suðurlands. Umræða.

Samþykkt að fela Atvinnumál nefnd að kalla saman ferðapjónustuaðila í sveitar félaginu til fundar varðandi þau mál.

9. Tæknisvið Uppsveita. Minnisblað um söfnun á seyru frá Berki Brynjarssyni hjá Tæknisviði Uppsveita. Þar sem kynnt eru áform um útboð á söfnun seyru í upp sveitum Árnæssýslu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í útboðinu.

10. Bréf frá skólastjórum. Varðar staðsetningu náms- og starfsráðgjafa. Lagt var fram erindi frá skólastjórum innan Skólaþjónustu Árneshvíls. Þar er lýst ánægju með ráðningu sameiginlegs náms- og starfsráðgjafa. Í bréfinu er lögð áhersla á að staðsetning ráðgjafans verði á skrifstofu Skólaþjónustu Suðurlands. Sveitarstjórn tekur undir erindi bréfsins.
11. Áskorun frá kennurum í Tónlistarskóla Árneshvíls. Lagt fram og kynnt.
12. Tilnefning til menntaverðlauna Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir að leggja til að leikskólinn Leikholt verði tilnefnt fyrir framsækið starf, sérstaklega fyrir kynningar-myndband um leikskólann.

Fundargerðir:

13. Fundargerð starfshóps um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árneshvíli. Lögð fram fundargerð fyrsta fundar starfshóps sem skipaður hefur verið vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árneshvíli. Sveitarstjórn samþykkir án allra skuldbindinga að taka þátt í sviðsmyndagreiningu á möguleikum Árneshvíli og greiningu á helstu drifkröftum samfélagsins. Greiningin getur nýst öllum sveitarfélögum burtséð frá því hvort að sameiningar verða að veruleika eða ekki. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Gunnar Örn Marteinnsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn samþykkir að boða til fundar með Þjórsársveitum og fara yfir hvort ástæða þykir til að halda áfram með það samstarf sem sveitarfélögin voru kominn af stað með varðandi atvinnumál og í leiðinni að ræða önnur mál er varðar samstarf og sameiningar sveitarfélaganna. Samþykkt samhljóða.

14. Fundargerð 121. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 2,3,4,5 og 6 þarfnast afgreiðslu. Mál nr 2. Gunnbjarnarholt 166549 og Sandlækur 1 land 2 lnr 201307: Skipulagsáform um uppbyggingu á þremur svæðum. Um ræðir sex stórar íbúðarhúsalóðir í landi Sandlækjar, svæði fyrir verslun og þjónustu vestan gatnamóta Skeiða- og Hrunamannavegar og byggingar á bæjartorfu Gunnbjarnarholts. Óskað er eftir breytingu aðalskipulags samkvæmt áformum og leiðbeiningum varðandi sameiginlegt deiliskipulag fyrir umrætt svæði. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að vísa málinu til vinnslu í aðalskipulags sveitarfélagsins.

- Mál nr 3. Réttarholt B lnr. 223803. Urðarholt: Aðalskipulagsbreyting:

Umsókn – 1606007: Lögð fram að lokinni kynningu skv. 2.mgr. 30. Gr. skipulagslaga. Í breytingunni felst að afmörkun þéttbýlisins minnkar og svæði utan þéttbýlismarka skilgreinist sem landbúnaðarsvæði. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1.mgr. 31. Gr. skipulagslaga samhliða breytingu á deiliskipulagi svæðisins.

- Mál nr 4. Réttarholt B lnr. 223803. Urðarholt: Deiliskipulagsbreyting – 1609048. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi er nær til landsins Urðarholts, sunnan Þjóðveggar. Í breytingunni felst að gildandi skipulagi sem gerir ráð fyrir hesthúsasvæði verði breytt í byggingareit fyrir íbúðarhús, útihús og smáhýsi. Sveitarstjórn

- gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst samkv. 1. Mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Mál nr 5. Fossnes 166548. Breytt stærð. Staðfesting afmörkunar – 1501025. Lagfært lóðarblað fyrir jörðina lagt fram. Samþykki eigenda aðliggjandi lands lagt fram.
- Mál nr 6. Fossnes lóð 176972 og Fossnes lóð 176472. Sameining lóða – 1501025. Sameining lóðanna í 14.200 fermetra. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti sameiningu lóðanna og gerir ekki athugasemd við landsskipti.
15. Fundargerð 122. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 11,12,13 og 14 þarfnast umfjöllunar. Auk þess, umsagnarbeiðni um mál nr. 15.
- Mál nr 11. Kálfhóll lóð 178950. Íbúðabyggð: Aðalskipulagsbreyting -1611043. Umsókn eigenda lóðarinnar um breytingu á aðalskipulagi. Óskað eftir að 7,2 ha sumarhúsaloð veðri breytt í íbúðarhúasvæði. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að málinu verði vísað til vinnslu aðalskipulags sveitarfélagsins.
- Mál nr 12. Arngrímsslundur lnr 224679 : nýbyggingar: Deiliskipulag – 1611044. Umsókn um að vinna deiliskipulag fyrir lóðina Arngrímsslund. 0,7 ha að stærð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að deiliskipulagstillagan verði auglýst skv. 1. Mgr. 41.gr. skipulagslaga.
- Mál nr 13. Eystra-Geldingaholt 166545 Eystra- Geldingaholt 9: Stofnun lóðar 1611045. Umsókn um skiptingu lóðarinnar Eystra- Geldingaholt 166545 í tvær lóðir. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir landskiptin fyrir sitt leyti.
- Mál nr 14. Hvammsvirkjun. Deiliskipulag 1509062. Umsókn um heimild til deiliskipulagsgerðar vegna Hvammsvirkjunar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar skv. 1. Mgr. 30. Gr. skipulagslag. Nr. 123/2010. Vísað er til aðalskipulagsvinnu.
16. Stjórnarfundur BS Skipulags- og Byggingafulltrúa nr. 40. Í fundargerð er lögð fram fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið fyrir árið 2017. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.
17. Héraðsnefnd Árnesinga bs. Fundargerð 9 fundar. Frá 12. Október 2016. Fjárhagsáætlanir Héraðsnefndar og tilheyrandi undirstofnana fyrir árið 2017 koma fram í fundargerðinni. Fjárhagsáætlanir samþykktar samhljóða.
18. Aðalfundur Bergisans. Haldinn 12.10.2016. Í fundargerðinni er tekin fyrir árskýrsla og fjárhagsáætlun.
19. Fundargerð 12.fundar Skólanefndar Flúðaskóla. Fundargerð lögð fram og kynnt.
20. Fundargerð skólanefndar 28.11.2016. Sameiginlegur grunn- og leikskólamál. Fundargerð lögð fram og kynnt.
21. Fundargerð Skólanefndar 28.11.2016. Leikskólamál. Fundargerð lögð fram og kynnt.
22. Fundargerð Afréttarmálanefndar 01.12.2016. Lagt fram og kynnt.
23. Fundargerð 11. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu 22.11.2016. Fundargerð lögð fram og kynnt.

Beiðnir um styrki:

24. Landgræðslan. Beiðni um styrk til verkefnisins : Bændur græða landið. Lagt var fram erindi undirritað af Sigbrúði Jónsdóttur héraðsfulltrúa Landsgræðslunni þar sem óskað er eftir stuðningi til verkefnisins „Bændur græða landið“ Samþykkt að leggja 36.000 kr til verkefnisins. Rúmast innan fjárhagsáætlunar.
25. Strókur. Beiðni um rekstrarstyrk. Erindi lagt fram undirritað af Bryndísi Tryggvadóttur og Sigríði Jensdóttur þar sem óskað er eftir styrk til starfsins. Beiðni hafnað.
26. Kvænnaathvarf. Beiðni um rekstrarstyrk. Lagt var fram erindi frá Margréti Marteinsdóttur framkvæmdastýru Kvænnaathvarfsins, þar sem óskað er eftir styrk til starfsem innar. Samþykkt samhljóða að styrkja Kvænnaathvarfið um 50.000 kr. Rúmast innan fjárhagsáætlunar.
27. Fræðslunet Suðurlands. Vísindasjóður, beiðni um framlag. Erindi undirritað af Eyjólfí Sturlaugssyni þar sem óskað er eftir framlagi til Vísindasjóðsins kr 50.000 á ári til árunna 2017-2020. Beiðni samþykkt. Samræmist fjárhagsáætlun 2017.

Samningar og umsagnir:

28. Samningur um umsjón jarðarinnar Laugarás. Þarfnast staðfestingar samningur staðfestur. Gunnar Örn Marteinson lagði fram svohljóðandi bókun : Eðlilegast er að setja hlut Laugarásjarðarinnar sem er í eigu sveitarfélaganna í sölu. Á þeim tíma sem sveitarfélögin sem stóðu að uppbygging heilsugæslu í Laugarási keyptu þau land og heitavatsréttindi í Laugarási, þau kaup voru nauðsynleg á þeim tíma, í dag eru hinsvegar aðrir tímar og eingin þörf fyrir sveitarfélögin að halda í þessa eign. Samþykkt samhljóða.
29. Samningur um náms- og starfsráðgjafa. Þarfnast staðfestingar. Samningur staðfestur.
30. Samningur um Hólaskóg. Sveitarstjóri lagði fram drög að leigusamningi milli sveitarfélagsins og Extreme Iceland ehf. Um Leigu á Hólaskógi til fimm ára.

Gunnar Örn Marteinson lagði fram eftirfarandi bókun:

Ljóst er að leigutakar ætla ekki að hafa reksturinn í Hólaskógi með svipuðu sniði og verið hefur frá því að húsið var tekið í notkun, það er að hafa það til almennrar útleigu fyrir þá sem leið eiga um svæðið. Eðlilegra er að setja húsið á sölu og sjá hvort möguleiki er að fá fyrir það viðunandi verð og byggja í staðinn hús sem hentaði fyrir fjallmenn og álíka stóra hópa sem leið eiga um svæðið en væri jafnframt hagkvæmara í rekstri, af umræðum í sveitarstjórn og fundargerð afréttamálanefndar frá 1.des 2016 að dæma er vilji fyrir að gera hlutina með þeim hætti. Verði gengið að þeim leigusamningi sem hér liggur fyrir til samþykktar er ljóst að mun erfiðara er að selja húsið og leigutaki hefur í hendi sér hvort og þá hvernig það er mögulegt á meðann á leigutíma stendur, slíkt kann að valda sveitarfélaginu fjárhagslegu tjóni. Leigusamningur um Hólaskóg samþykktur með fjórum atkvæðum. Skafti, Halla, Einar og Meike samþykktu. Gunnar Örn greiddi atkvæði á móti. Samþykkt að setja eignina í sölufarli í framhaldinu.

31. Kaupsamningur Heiðargerði. Þarfnast staðfestingar. Samningur staðfestur.

32. Almannavarnarnefnd. Lagt var fram samkomulag milli Almanna-varnarnefndar Árnæssýslu, Rangárvalla og Skaftafellssýslna og Lögreglustjórans um ráðningu starfsmanns í lögreglu Almannavarnarmála. Samkomulag samþykkt og staðfest.
33. Samningur við Georg Kjartansson um fráveituverkefni. Samningur um framkvæmdir við fráveitumannvirki í Brautarholti. Samningur staðfestur
34. Frá Sambandi Ísl Sveitarfélaga. Beiðni um umsögn um drög að reglugerð um veitingastaði, gististaði og heimagistingu undirrituð af Karli Björnssyni. Tekið er heilshugar undir umsögn sambandsins um málið.
35. Fjölbrautarskóli Suðurlands. Fjárveiting til Hamars. Óskað er eftir framlagi til tækjalaupa í Hamar. Verknámshúsi Fjölbrautaskóla Suðurlands. Um er að ræða um 1.160 þkr. Beiðni samþykkt. Samræmist fjárhagsáætlun 2017.
36. Erindi til umræðu um svæði undir húsbíla. Lagt fram erindi frá Kristni Kristjánsyni þar sem óskað eftir viðræðum við sveitarfélagið um land undir svæði fyrir húsbíla. Erindi hafnað.
37. Drög að reglum um framkvæmd sérstaks húsnaðisstuðnings.
38. Þrándarlundur beiðni um breytingu á Fasteignamati. Beiðni samþykkt.

Mál til kynningar

- A. Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands.
- B. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands nr. 250.
- C. Afgreiðsla byggingafulltrúa. 02.11.2016.
- D. Afgreiðsla byggingafulltrúa. 16.11.2016.
- E. Bréf frá Eftirlitsnefnd um fjármál Sveitarfélaga.
- F. Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga. Fundur nr. 178.
- G. Húsnaðismál Tónlistarskóla Árnesinga.
- H. Fundargerð 1. Fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.
- I. Fundargerð 2. Fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.
- J. Fundargerð 3. Fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.
- K. Skýrsla um Fasteignamat.
- L. Kynning Samband á fundum erlendis.
- M. Vinnufundur um aðalskipulag 01.12.2016, punktar.
- N. Drög að 9 mánaða uppgjöri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
- O. Skýrsla sveitarstjóra.
- P. Íslandsmót iðn og tæknigreina.



Fundir framundan:

- a) Ársfundur Sambands Íslenskra sveitarfélaga 24. mars 2017.
- b) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 5.- 6. október 2017.

Fundi slitið kl. 18:30.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 4. janúar næstkomandi.

Starfmaður óskast í hlutastarf í Leikholt!

Leikskólinn Leikholt óskar eftir að ráða leikskólakennara í 82,5% stöðu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 9. janúar eða eftir samkomulagi. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.



Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna.

Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra.

Leikskólinn Leikholt er Grænfána leikskóli þar vinna 10 starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandi, við leggjum áherslu á ART þjálfun, mikla málörvun og læsi og kennslu í gegnum leikinn. Einkunnarorð leikskólans eru:

Gleði, vinsemd og virðing.

Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri sími 486-5586/895-2995 og áhugasamir geta sent umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið leikholt@leikholt.is.

Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í stöðuna. Starfið hentar jafnt körlum sem konum og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 19. desember 2016.



VETRARSTARF ÆSKULÝÐSNEFNDAR

Fræðslufundur á Kaffi-Sel með
Rósu Birnu Þorvaldsdóttur reiðkennara
13. janúar

Námskeið fyrir börn og unglinga
í Reiðhöllinni á Flúðum. Kennari Rósa
Birna Þorvaldsdóttir

6. febrúar,	20. febrúar
6. mars,	20. mars
3. apríl,	17. apríl



Uppsveitadeild Æskunnar
í Reiðhöllinni á Flúðum.

30. janúar Undirbúningsfundur

25. febrúar – þrigg., fjórgg., fimi
(21. feb. æfingatími)

18. mars – fjórgg., tölt, fimmg.
(14. mars æfingatími)

8. apríl - smali, skeið
(7. apríl æfingatími)

Reiðskóli fyrir byrjendur

í Vorsabæ II. Leiðbeinandi Elín
Moquist

Vikulega og hefst 28. mars,
6 skipti og lýkur 3. maí.

Hestheimaferð

27. – 28. maí

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar.

Allir viðburðir æskulýðsnefndar eru auglýstir á fésbókarsíðu Smáarakrakka.

VEL HEPPNUÐ HAUSTFERÐ **ÆSKULÝÐSNEFNDAR**

Föstudaginn 28. október förum við í okkar árlegu haustferð með krökkunum í Loga. Í þetta skipti förum við austur yfir Þjórsá og heimsóttum fyrst Fákshóla síðan Sandhólaferju og enduðum á Hellu í pizzuveislu.

Við lögðum af stað eftir skóla á föstudeginum með 14 skemmtilega krakka og nokkra fylgifyrirkvæða (foreldra) og byrjuðum á því að skoða Fákshóla. Þar tók hún Hanne vel á móti okkur og sýndi okkur allt hesthúsið og lét hann Herkúles fagra frá Ragnheiðarstöðum hlaupa nokkra hringi í reiðhöllinni. Einstaklega litfagur og flottur töffari. Við áttum góða stund á Fákshólum með henni Hanne og var hún einstaklega gestrisin og bauð okkur kaffi, djús og nammi. Það var auðvitað mikið hlaupið og leikið sér í reiðhöllinni á meðan aðrir sýndu meiri áhuga á hestunum og hundunum í hesthúsinu.

Þaðan förum við beint til Guðmars á Sandhólaferju, sem kom skemmtilega á óvart og náði ótrúlega vel til allra með fróðleik og smá fyrirlestur um dýraspítalann og starfseminna sem þar er í gangi. Hann sýndi okkur veik dýr og útskýrði hvað væri að þeim. Síðan sýndi hann okkur rannsóknarstofuna sína og tæki og tól sem hann notar í sæðistöku og sæðingar. Krökkunum fannst sérstaklega áhugavert að skoða gervimerina og hólkin fyrir sæðistöku! Síðan förum við öll inn í rannsóknarstofuna þar sem Guðmar útskýrði vel fyrir krökkunum og sýndi í tölvunni mælingu á þéttleika sæðis, skoðun á hreyfanleika sæðisfrumanna og þynningu. Hann sýndi okkur líka skurðstofuna og þar sáum við sjúkrastríuna þar sem hann svæfir hestana og flytur með talið yfir á sérhannað aðgerðaborð sem var eins og bílalyfta, hægt að hífa upp og niður. Til að sýna krökkunum lét hann þau öll fara upp á borðið í einu og svo var hið upp og niður mörgum sinnum... Mjög sniðug græja!



Eftir þessar stórskemmtilegu heimsóknir enduðum við á Kanslaranum og fengu allir pizzu og gos. Takk fyrir okkur, alltaf gaman að hittast og kynnast nýjum krökkum.

Kærar kveðjur – Æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Smára

Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á miðvikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomulagi.

Allir eru hjartanlega velkomnir!

Vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.

Tímapantanir í síma 863-0433.



Feðgar á ferð á DVD diskum

Fréttamaðurinn Magnús Hlynur Hreiðarsson og sonur hans, Fannar Freyr hafa gefið út DVD disk með þáttum sínum „Feðgar á ferð“, sem sýndir voru á Stöð 2 sumarið 2015 og 2016. Um er að ræða tvo diska með tuttugu þáttum þar sem skemmtilegt og jákvætt fólk er heimsótt. Þeir sem eru ekki með Stöð 2 og hafa því misst af þáttunum geta nú horft á þá alla.

Í þáttunum eru 16 systkinin frá Kjóstöðum m.a. heimsótti, 80 ára afmæli Björns bónda í Úthlíð er gerð góð skil, farið er í sauðburð á Skarð í Landsveit, Guðni dósasafnari á Þverlæk er heimsóttur, 15 ára myntsafnari í Flóanum er sóttur heim og einn þáttur er um skrátnustu hunda landsins og annar um þá staðreynd að ekkert kynlíf er á himnum, svo eitthvað sé nefnd. Diskarnir verða seldir í gegnum heimasíðuna www.fedgaraferd.is og í Krónunni á Selfossi og í Krónunni í Lindahverfinu í Kópavogi.

Feðgar á ferð – jólagjöfin 2016



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



Fallegar stjörnur til skreytingar eða sem gjafir.

Stjörnurnar eru frá 160 ára austur-þýsku fyrirtæki Herrnhuter.

1.stk. 13 cm. (A1e) stjarna og straumbreytir á 5.000 kr. eða

3 stk. 13 cm. (A1e) stjörnur og straumbreytir 12.500 kr.


Hægt er að velja um hvítar, rauðar eða gular stjörnur. Stjörnurnar eru fallegar í glugga þegar tekur að skyggja.

Herrnhuter stjörnurnar eru framleiddar frá 13 cm upp í allt að 130 cm.

staðlaðar stærðir og er hægt að fá sérpantaða upp í allt að 250 cm. Einnig er framleidd inni og úti sería

með 10 stjörnum sem eru 13 cm hver á 12 metra kapli.(bæði hægt að nota út eða inni.)

Verslunin Elinborg
Skólavörðustíg 22 b
101 Reykjavík
elinborg@elinborg.is
www.elinborg.is
á Facebook: Elinborg.is



Autorisierter Fachhändler



Autorisierter Fachhändler



Afréttakortið er ennþá til!

Afréttir Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna.

Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-** 😊

Birgðir farnar að minnka en samt til í nokkra jólapakka enn 😊

Fæst á skrifstofunni í Árnesi. (Khg)

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir


Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalði Fjarsskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.
skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.

Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com





Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP

facebook



www.landflutningar.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir


maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimabjónustu sigrun@laugaras.is

Á bak við eldavélina!



Nú fáum við flotta uppskrift frá Ralf Duerholt í Glóruhlíð sem fær orðið:

Sæl verið þið!

Ég þakka Lofti í Tröð fyrir áskorunina.

Ég held að ég kunni ekki að elda marga mismunandi, góða rétti en

krakkarnir mínir segja að þessi pönnukaka hér, sé svoooo góð!

Það er mjög auðvelt að elda þennan rétt á stuttum tíma, mikilvægt þegar “rándýrin” krefjast matar strax!

Þessi uppskrift er af risastórri pönnuköku sem Bandaríkjamenn kalla *Dutch Baby*.

“Dutch” er líklegast bandarískur misskilningur á þýska orðinu "deutsch".

Líklegast er þessi uppskrift upphaflega frá þýskum innflytjendum.

Það eru til mörg mismunandi afbrigði, en þetta er útgáfa Glóruhlíðar.

“Without further ado” – here it comes:

Hráefni:

Fyrir 4

5 stór egg

1/2 stór bolli sykurl

1 stór bolli hveiti

1 stór bolli mjólk

4 msk smjör



Aðferð:

Hitið ofninn í 200°C og hitið pönnu (sem má fara inn í ofn) á miðlungshita.

Pískið saman egg, sykurl, hveiti og mjólk í skál þar til það hefur blandast vel saman og deigið verður jafnt.

Bræðið smjörið á pönnunni og hellið deiginu á pönnuna. Setjið pönnuna inn í miðjan ofninn og bakið í um það bil 20 mínútur eða þar til brúnirnar hafa blásið vel upp og eru orðnar brúnar og miðjan hefur náð ljósbrúnum lit.

Takið pönnuna út og stráið flórsykri yfir pönnukökuna. Það er best að borða hana strax því kakan fellur saman fljótlega eftir að hún er tekin úr hitanum.

Skerið í sneiðar og berið fram með krækiberja- eða bláberjasultu úr Þjórsárdal eða ferskum berjum. Hún er mjög góð með kaffi, kakói eða ávaxtasafa.

Mig langar að skora á Jakob Eiríksson Schram í Vorsabæ að koma með uppskrift í næsta fréttabréf.

Kær kveðja,

Ralf í Glóruhlíð.



Menn og málefni!

Þann 3. nóvember sl. eignuðust þau

Elín Sólveig Grímsdóttir og Hlynur

Örn Sigurðarson, Holtabraut 35, Brautarholti, dóttur sem vó
3.826 gr. 49 cm. Litla daman á tvö eldri systkini, þau Sigrúnu
Fríðu, 8 ára sem er í þjórskóla og Brynjar Örn 12 ára, sem
býr í Hafnarfirði. Við óskum fjölskyldunni innilega til

hamingju með stúlkuna sína og
móður og barni heilast vel.



Tómstundastyrkurinn 2016-2017

Minnum á að hægt er að enn að sækja um tómstundastyrk fyrir árið
2016 og eru aðstandendur barna á aldrinum 6–18 ára hvattir til
að ganga frá því fyrir áramót. Rafræn umsókn er á heimasíðu
[skeidgnup.is/Stjórnerfið/Eyðublöð og umsóknir](http://skeidgnup.is/Stjornkerfið/Eyðublöð%20og%20umsóknir)

**Sveitarstjórn ákvað á fundi sínum þann 7. des. sl. að
tómstundastyrkur skuli vera kr. 55.000,- árið 2017
fyrir sama aldur og áður er getið.**



TAXI DRIVER

TAXI er á svæðinu sem þjónustar Grímnlesið, Bláskóga-
byggð, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
Með kv. TAXI DRIVER776 0810 & 783 1224








Fréttabréf Leikhólts.

Á aðventunni í Leikholti gerum við ýmislegt jólalegt og skemmtilegt.

Þann 25. nóvember var vasaljósadagur. Þá komu öll börnin með sitt vasaljós í skólann.

Vörðufell fór út að skoða umhverfið með vasaljósi á meðan það var ennþá myrkur og Hekla skoðaði salinn. Allir átta notalega stund að skoða leikskólan sinn með vasaljósi. Óskar prestur hefur komið og heimsótt okkur fjóra þriðjudagsmorgna og sagt



okkur sögur og sungið með okkur lög. Börnin hlakka alltaf til heimsóknna hans og þökkum við Óskari kærlega fyrir heimsóknirnar.

Óskar prestur í heimsókn



Mánudaginn 28. nóvember kom slökkviliðið í heimsókn – Brunavarnir Árnassýslu. Kynnt var fyrir elstu börnunum eldvarnir og hvert maður á að hringja þegar maður er í vandræðum.



Þann 7. desember fengum við að sjá leikritið Ævintýri um Augastein í salnum okkar. Það var hann Orri Huginn Ágústsson sem flutti leikritið en það er eftir Felix Bergsson. 1. – 4. bekkur kom og fékk að horfa á með okkur. Leikritið var mjög skemmtilegt og áttum við notalega stund að horfa það öll saman.

9. desember verður jóla-sveinahúfudagur hjá okkur og í vikunni eftir það munum við baka og skreyta piparkökur. Litlu jólin verða á sínum stað 19. desember þar sem



við dönsum í kringum jólatréð og syngjum jólalög. Okkur langar að benda ykkur á að á heimasíðu skeidgnup.is er undirsíða þar sem hægt er að finna allar upplýsingar um leikskólann Leikholt og þar á meðal myndband sem kynnir starfið í Leikholti. Við starfsmenn og börn í Leikholti óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og þökkum liðnar stundir. Jólakveðja frá öllum í Leikholti.

Vetraropnun: Alla daga. kl.11:00 -22:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

LAUGARVATN
fontana
Hellsulind frá landnámi

<http://www.fontana.is>

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



4 fyrir 3



Þú kaupir þrjár en færð fjórar

Heilbrigt fé fyrir lítið fé

Kálfaköggjar
Euro Junior - 20 kg



4 fyrir 3

Kálfamúsli
Euro Start - 20 kg



4 fyrir 3

Saltsteinn Natur
10 kg



4 fyrir 3

Saltsteinn Plus
10 kg



4 fyrir 3

Mineraleimar Plus
fyrir kýr og hross - 25 kg



4 fyrir 3

Phosphoreimar
fyrir geldkúr - 20 kg



4 fyrir 3

Uniblock 10 kg
Steinefnasteinn



4 fyrir 3

Vitablock 10 kg
Vitaminblok



4 fyrir 3

Súrdoðavörn
Ketoprotect - 25 L



4 fyrir 3

Universalschale
Fyrir sauðfé - 15 kg



4 fyrir 3



Óskum
viðskiptavinum
okkar sem og
landsmönnum
öllum gleðilegra jóla



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
Sími 480 5600

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi 2016
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug

Frá 01. janúar- Open

Miðvikudaga: Wed. 17 - 22

Laugardaga: Sat. 13 - 18



Skeiðalaug

01. janúar - Open

Mánudaga Mon. 18 - 22

Fimmtudaga: Thu. 18 - 22

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.

Hætt er að selja ofan í hálf tíma fyrir lokun.

Aðeins er ca. 12 mínútna akstur á milli lauganna.

**Neslaug og
Skeiðalaug eru á**

facebook

Fylgist
með þar

Jólabaðið verður á **Aðfangadag, 24. des.
í Neslaug kl. **10:00 -14:00** !**

Þá er frítt í sund, baðið upp á kaffi, djús og piparkökur!
**Tilvalið tækifæri til að minnka biðraðir á baðherbergið
heima fyrir. ☺**

Vonast til að sjá sem flesta. - Svo koma jólin!

Skeiðalaug verður **lokuð annan í jólum, 26. desember.**

Neslaug opin 31. desember **10:00– 13:00**



Eyþór Brynjólfsson.
Umsjónarmaður sundlauga.



Gleðileg jól!